

Alþingi
Erindi nr. P 140/1140
komudagur 23.2.2012

From: Sigríður Friðjónsdóttir [<mailto:sigridur.fr@tmd.is>]
Sent: 23. febrúar 2012 10:06
To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Subject: RE: Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd - beiðni um upplýsingar

403. mál

Sæl vertu.

Ég sendi til frekari upplýsingar fyrir mæli ríkissaksóknara varðandi meðferð mála þegar fallið er frá saksókn. Þar kemur t.d. fram að almennt er ekki fallið frá saksókn nema sakborningur hafi játað það brot sem hann hefur verið sakaður um.

Með kveðju,
Sigríður J. Friðjónsdóttir
RÍKISSAKSÓKNARI / DIRECTOR OF PUBLIC PROSECUTION
Hverfisgötu 6
150 Reykjavík
Sími / Tel: (+354) 530-1600
Bréfasími / Fax: (+354) 530-1606

Ríkissaksóknari

Fyrirmæli

Útgáfudagur:

15. september 2009

Gildistaka:

15. september 2009

RS: 11/2009

Kemur í stað RS: 2/2004

Efni: Niðurfelling saksóknar

Samkvæmt a. til d. liðum 3. mgr. og 4. mgr. 146. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála (sml.) er lögreglustjóra heimilt að falla frá saksókn þegar svo stendur á sem lýst er í málsgreinunum.

Ríkissaksóknari leggur áherslu á að lögreglustjórum ber að beita þessari heimild af varfærni og jafnframt að leiki vafi á beitingu hennar ber að senda ríkissaksóknara málið til ákvörðunar. Minnt er á meginreglu 2. mgr. 146. gr. sml. um að falla megi frá saksókn þegar beita má ákvæðum 56. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um ákærufrestun.

Forsenda þess að niðurfellingu saksóknar sé beitt er að rannsókn máls sé lokið, mál teljist upplýst og að ákærvaldið telji að sakborningur hafi framið refsivert brot. Niðurfellingu saksóknar verður að jafnaði ekki beitt nema játning sakbornings liggi fyrir.

Aldrei má skírskota til heimildar um að fella niður saksókn í málum þegar við eiga ákvæði 4. mgr. 52. gr. sml. um frávísun kæru eða ákvörðun um að hætta rannsókn eða ákvæði 145. gr. sml. um niðurfellingu máls með hliðsjón af sönnunarstöðu að rannsókn lokinni.

Skylt er að tilkynna ákvörðun um niðurfellingu saksóknar sakborningi og brotþola enda liggi fyrir hver hann er, sbr. 1. mgr. 147. gr. sml. Sömuleiðis ber að tilkynna ríkissaksóknara ákvörðunina, sbr. 23. gr. sml. Tilkynningu skal fylgja eitt eintak af gögnum máls.

Í tilkynningu skal heimfæra brot undir viðeigandi lagaákvæði. Þá skal vísa til þeirrar lagagreinar sem ákvörðun um niðurfellinu saksóknar styðst við, svo og tilheyrandi staflið 3. mgr. 146. gr. sml., sé byggt á þeirri grein.

Ekki er skylt að rökstyðja ákvörðunina sérstaklega, en taka skal fram að viðkomandi geti kært ákvörðunina til ríkissaksóknara innan mánaðar.

Ef sakborningur er yngri en 18 ára skal lögregla kveðja viðkomandi til sín ásamt lögráðamanni og kynna þeim ákvörðunina.

Eftirfarandi er dæmi um orðalag tilkynningar til sakbornings:

Í upphafi tilkynningar er skírskotað til þess sakarefnis sem rannsakað hefur verið, t.d. ætlaðs þjófnaðarbrots, en síðan segir:

Rannsókn málsins er nú lokið og hafa rannsóknargögn verið yfirfarin með hliðsjón af 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Ákærvaldið telur að ætluð háttsemi yðar varði við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hér með tilkynnist, með vísan til a. liðar 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála, að ákveðið hefur verið að falla frá saksókn á hendur yður út af ætluðu broti.

Unnt er að kæra ákvörðunina til ríkissaksóknara innan mánaðar, sbr. 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

Hafi munir, sem gera skal upptæka verið haldlagðir í þágu rannsóknar málsins, er rétt að leita eftir því, þegar sakborningur er yfirheyrður, hvort hann fallist á að afsala sér þeim. Samþykki hann það ekki verðu máli ekki lokið með niðurfellingu saksóknar, en reynt að ljúka því með sektargerð þar sem hið haldlagða verður gert upptækt.

Valtýr Sigurðsson